

<b>Titill</b>	Skipulag ferða
<b>Skammstöfun</b>	FJAL1SF02
<b>Námsgrein</b>	Fjallamennska
<b>Viðfangsefni</b>	Skipulag ferða, búnaður, útivistarbúnaður
<b>Prep</b>	1
<b>Einingafjöldi</b>	2

<b>Lýsing:</b>	Í áfanganum þjálfast nemendur í að undirbúa og skipuleggja óbyggða- og afþreyingarferðir. Áherslan er lögð á nemandann sjálfan, þekkingu hans, leikni og hæfni varðandi útivist jafnt á láglendi sem og á fjöllum. Nemendur læra að þekkja eigin styrkleika og veikleika. Farið verður yfir atriði sem varða almennan undirbúning ferða s.s. ferðatilhögun og leiðarval, viðbragðsáætlanir og viðeigandi útbúnað.
----------------	---

<b>Forkröfur:</b>	18 ára aldurstakmark
-------------------	----------------------

<b>Þekkingarviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• grunnþáttum varðandi undirbúning og skipulag fjölbreyttra óbyggða- og afþreyingarferða</li> <li>• nauðsynlegum, almennum útivistarbúnaði fyrir óbyggða- og tjaldferðir</li> <li>• helsta öryggisbúnaði fyrir útivistarferðir</li> <li>• eigin styrkleikum og takmörkunum í mismunandi aðstæðum</li> <li>• tækifærum til fjölbreyttrar fjallamennsku og hollrar útivistar í nærumhverfi sínu</li> <li>• mikilvægi þess að ganga vel um landið</li> <li>• gerð og uppsetningu leiðarkorta</li> </ul>
------------------------	---

<b>Leikniviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skipuleggja og undirbúa fjölbreyttar óbyggða- og fjallaferðir og nota búnað í samræmi við aðstæður</li> <li>• huga vel að sjálfum sér í styttri og lengri óbyggðaferðum</li> <li>• meta og nýta sér aðstæður úti í íslenskri náttúru og meta veðurútlit</li> <li>• meta áhættu á mismunandi ferðum og stýra þeirri áhættu</li> </ul>
---------------------	--

<b>Hæfniviðmið</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skipuleggja styttri og lengri óbyggða- og afþreyingarferðir</li> <li>• geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður</li> <li>• velja og nota viðeigandi búnað á hverjum stað</li> <li>• nota öryggisbúnað á viðeigandi hátt</li> <li>• leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum</li> <li>• bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi</li> </ul>
--------------------	--

<b>Námsmat</b>	Leiðsagnarmat og námsmappa
----------------	----------------------------

<b>Leiðbeiningar</b>	Námsmatið er leiðsagnarmat sem byggir á reglulegum samskiptum nemenda og kennara. Nemandi skráir reynslu sína og lærdóm í námsmöppu.
----------------------	--